

Fundargerð verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands 2015

nr. 2

Austurvegi 56, 13. maí, kl. 13:00

Mætt voru: Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður verkefnastjórnar, Páll Marvin Jónsson (í síma), Runólfur Sigursveinsson, Guðrún Hafsteinsdóttir og Bryndís Björk Hólmarsdóttir (í síma). Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS og Þórður F. Sigurðsson ráðgjafi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Uppbyggingarsjóður:

1. Vor úthlutun 2015

Verkefnastjóri kynnti stöðu mála við vor úthlutun 2015.

2. Skipan í úthlutunarnefndir Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Verkefnastjórn skipar eftirfarandi aðila í eftirfarandi úthlutunarnefndir;

Úthlutunarnefnd - menningarmál:

*Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður á Þjóðminjasafni Íslands, Eyrarbakka
Marteinn Steinar Þórsson, kvikmyndagerðarmaður, Hveragerði
Aðalheiður M. Gunnarsdóttir, tónlistarkennari og söngkona, Fljótshlíð*

Úthlutunarnefnd - nýsköpun- og atvinnurþróun:

*Bergsteinn Einarsson, eigandi og framkvæmdarstjóri Set, Selfossi
Helga Björk Ólafsdóttir, framkv.stj. leikskólans Sóla, Vestmannaeyjum
Laufey Helgadóttir, ferðaþjónustubóndi að Smyrlabjörgum, Suðursveit*

3. Meðferð umsókna í tengslum við vanhæfi

Til umræðu skilgreiningar við mat á vanhæfi.

4. Staða eldri styrkveitinga

Til upplýsingar staða eldri styrkveitinga.

- Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni
- Menningarverkefni

Stefnumörkun og áhersluverkefni:

5. Staða eldri áhersluverkefna

Til kynningar og umræðu á fundinum.

6. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar

Til kynningar ákvörðun stjórnar SASS um hlutverk og skipan samráðsvettvangs sóknaráætlunar. Sjá bókun SASS frá 8. apríl s.l.;

„Hlutverk og verkefni samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands

Samkvæmt 4. grein samnings um Sóknaráætlun Suðurlands er kveðið á um að landshlutasamtökin skilgreini hlutverk og verkefni samráðsvettvangs Sóknaráætlunar landshlutans.

Stjórn SASS ákvarðar að hlutverk og verkefni samráðsvettvangsins séu að vinna að almennri stefnumörkun sem leiðarljós fyrir störf verkefnastjórnar Sóknaráætlunar á Suðurlandi og nánar eins og verkefnastjórnin gerir tillögu um.

Framkvæmdarstjóra falið að óska eftir tilnefningum frá sveitarfélögum að aðilum til þátttöku, þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma haghafa í landshlutanum, eins og kveðið er á um í samningnum.“

Framkvæmdarstjóra falið að boða til fundar samráðsvettvangsins sem vinna skal að stefnumörkun landshlutans á málefnasviðum Sóknaráætlunar til næstu 5 ára.

7. Skipan í vinnuhópa

Samþykkt að skipað verði í starfshópa á vegum verkefnastjórnar Sóknaráætlunar í framhaldi af stefnumörkunarvinnu samráðsvettvangsins. Samsetning hópa og efnistöð munu geta tekið mið af niðurstöðum vinnu samráðsvettvangsins. Hlutverk starfshópanna verður að móta tillögur að áhersluverkefnum til verkefnastjórnar Sóknaráætlunar, sem samræmast eiga stefnumörkun landshlutans á þeim málefnasviðum.

Almennt:

8. Starfsáætlun verkefnastjórnar

Til kynningar drög að áætlun um dagsetningar næstu funda.

9. Skilagerð til ráðuneytis

Til kynningar.

10. Önnur mál

a. Erindi frá Fræðsluneti Suðurlands og Háskólafélagi Suðurlands

Samþykkt að taka málið fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 15:10.